



Skýrsla um starfsemi barnaverndarþjónustu í athvarfi á Ljósanótt 2026



Skýrsla um starfsemi athvarfs á Ljósanótt 2026

Reykjanesbær, 9. september 2026

Henný Úlfarsdóttir, teymisstjóri barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar.

Undirbúningur

Teymisstjóri barnaverndarþjónustu var í vinnu með öryggisnefnd Ljósanætur í aðdraganda Ljósanætur, starfsmenn á vakt á Ljósanótt sátu síðasta fund öryggisnefndar. Starfsmenn barnaverndarþjónustu upplifðu að undirbúningur fyrir Ljósanótt hafi verið góður, starfsmenn barnaverndar og 88 hússins stóðu saman að undirbúningi þess sem þörf var á fyrir athvarfið, svo sem að koma með drykki, snarl, teppi, ælupoka og sjúkrakassa.

Ljósanótt

Tveir starfsmenn voru á vakt í athvarfinu frá velferðarþjónustu Reykjanesbæjar, þær Heiðrún Ósk Sigurðardóttir og Svala Sigurðardóttir.

Ákveðið hafði verið í samráði við lögreglu að lögreglan myndi hafa samband þegar þau væru farin að sjá eril í bænum. Þær mættu í athvarfið um 21:00 til þess að tengja tölvur og undirbúa. Samskipti og samvinna þeirra sem komu að verkefninu gekk vel og auðvelt var að ná í hvort annað símleiðis þegar á þurfti að halda. Starfsmenn athvarfsins upplifðu að það hafi verið gott að hafa lögreglumann til staðar í athvarfinu á meðan beðið var eftir foreldrunum og ungmennin voru að ná sér niður. Athvarfið var opið frá 21:00-02:00. Alls komu sex ungmenni í athvarfið, allt drengir. Ástæður komu þeirra voru áfengisneysla og ölvun, tveir komu vegna afbrota í tengslum við neyslu vímuefna og einn vegna vopnaburðar, sá drengur var með vasahníf og kannabisefni. Í öllum tilvikum var haft samband við foreldra sem brugðust vel við og sóttu drengina.

Líkt og bent hefur verið á síðustu ár þarf að endurskoða staðsetningu athvarfsins. Starfsmenn Flotans upplifðu að töluvert væri um ölvun en erfitt væri að koma ungmennum í athvarfið þar sem það væri of langt frá. Sérstaklega í ár þar sem tívolíð var ekki á planinu og því engin ungmenni að hópast saman þarna líkt og fyrri ár. Mestur fjöldi ungmenna heldur til við Ungó planið og því myndi athvarf nær því henta mun betur. Á Ljósanótt eins og alla aðra daga ársins er starfandi bakvakt. Linda Sif Leifsdóttir, ráðgjafi í barnavernd var á þeirri vakt Ljósanæturhelgina. Engin útköll voru yfir helgina en haft var samband við bakvakt á sunnudeginum til þess að upplýsa um að lögreglan væri að fara að taka skýrslu af ungmennum eftir að þau hefðu verið færð niður á lögreglustöð vegna slagsmála. Um eitt ungmenni var að ræða frá Reykjavík og eitt frá Suðurnesjabæ, var lögreglu bent á að hafa samband við þær barnaverndarþjónustur en um eitt ungmenni var að ræða frá Reykjanesbæ sem tekin var skýrsla af án viðkomu barnaverndar.

Upplifun starfsmanna á vakt sem og samtöl við viðbragðsaðila sýna að töluverð ölvun var á meðal ungmenna og tilfinning fólks að aukning sé þar á, er það áhyggjuefni sem þarf að skoða betur. Í samtölum við lögreglu kom fram að þau upplifðu mikla drykkju og mikið virðingarleysi við viðbragðsaðila. Ungmennni hafi verið með hótanir og dónaskap við viðbragðsaðila. Einnig kom fram að lögreglan var vel mönnuð, það hefði þó ekki miklu mátt muna en ef lögreglan hefði verið betur mönnuð og athvarfið nær þá hefðu mun fleiri verið fluttir í athvarfið.



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS